

Gróður í Steingrímsfjarðarbotni

Unnið fyrir Vegagerðina

Hafdís Sturlaugsdóttir

Desember 2009
NV nr. 06-09

ÚTDRÁTTUR

Áformað er að gera breytingar á vegstæði í botni Steingrímsfjarðar í Strandabyggð, sem er hluti af Strandavegi nr. 643.

Gróður í botni Steingrímsfjarðar á Ströndum einkennist af graslendi meðfram sjó en fjær ýmist af graslendi með smárunnum eða fjalldrapamóa. Sjávarfitjar eru í botni fjarðarins en annað votlendi á rannsóknarsvæðinu er ekki mikið.

Alls fundust 74 tegundir háplantna á svæðinu. Allar plönturnar sem fundust eru algengar á þessu landsvæði. Ekki fundust neinar plöntur á valista eða sem teljast geta sjaldgæfar á landsvísu.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR.....	4
Rannsóknarsvæðið	4
NIÐURSTÖÐUR.....	6
Gróðurfur.....	6
Tegundir plantna	7
UMRÆÐUR	8
HEIMILDIR.....	11
VEFSÍÐUR.....	11

INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar var gróður athugaður vegna breytts vegstæðis á vegi nr. 643 í botni Steingrímsfjarðar, frá Staðará og að afleggjara Geirmundarstaða. Gróður var skoðaður á belti sem náði frá sjó og um 100 m upp fyrir núverandi veg.

AÐFERÐIR

Gróðurland kort af svæðinu voru ekki til. Gróður var því kortlagður á vettvangi og skráð inn á loftmyndir. Gróður var flokkaður í gróðurlendi með sjónmati. Einnig var þekja skráð. Notaður var gróðurflokkunarlykill Náttúrufræðistofnunar frá 1997 (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997). Við gróðurskoðun var gengið um svæðin og plöntutegundir skráðar. Gróðurlendin voru teiknuð í tölvu á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Myndirnar voru teknar úr 3500 m hæð árið 2000 og að hluta til (vestar) árið 2005.

Í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar Íslands eru til plöntulistar yfir háplöntur í 10x10 km reitum frá þessu svæði. Þeir reitir ná langt út fyrir rannsóknarsvæðið. Plöntulistarnir voru athugaðir fyrir vettvangsferð til að kanna hvort í reitunum væru plöntur á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996). Einnig var gróður skoðaður með tilliti til 37. greinar náttúruverndarlaga (nr. 44/1999), en þar kveður á um sérstaka vernd leira og sjávarfitja. Mýrar eða flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta einnig sérstakrar verndar samkvæmt sömu lögum. Gróður á svæðinu var skoðaður 16. júní 2009.

Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið afmarkast af vegamótum Strandavegar nr. 643 og Djúpveg nr. 61 og að vegamótum við afleggjara að Geirmundarstöðum.




Mynd 1. Kort af nágrenni rannsóknarsvæðisins, rauður rammi afmarkar rannsóknarsvæðið.

NIÐURSTÖÐUR


Gróðurfur

Rannsóknarsvæðið einkennist af þurrlendisgróðri. Í botni Steingrímsfjarðar eru sjávarfitjar næst sjónum, með sjávarfitjungi og skriðlíngresi, en ofar er graslendi með smárunnum aðallega krækilyngi. Nokkur ræktun er í kringum bæinn Stakkanes sem stendur við norðanverðan fjarðarbotninn. Þar eru tún á flatlendi beggja vegna núverandi vegar og einnig í hlíðinni norðan við bæjarstæðið.



Mynd 2. Gróðurlendi í botni Steingrímsfjarðar.

Út með firðinum að norðanverðu er nokkuð brött hlíð að mestu grasi vaxin með smárunnum, krækilyngi, bláberjalyngi og fjalldrapa en einnig eru fjalldrapamóar á milli. Gamalt tún er í kringum eyðibýlið Grænanes. Nokkuð votlendi er þegar kemur út undir Selárodna. Þar er hengistarmýri en gulstör í tjörnum. Við afleggjara heim að bænum Geirmundarstöðum eru melar sem eru að hluta til gömul náma.



Mynd 3. Gróður við Grænanes í Steingrímsfjarðarbotni.

Tafla 1. Skýringar við mynd 2 og 3.

Gróðurlendi**Fjalldrapamói**

C1 Fjalldrapi – bláberjalyng - krækilyng

Graslendi

H1 Grös

H3 Grös með smárunnum

Ræktað land

R2 Tún í góðri rækt

R4 Tún aflögð

R5 Uppgræðslusvæði

Mýri

U1 Mýrastör/stinnastör – hengistör

U5 Mýrastör/stinnastör

Flói

V1 Gulstör

Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Ógróið land

av Vatn

ey Þurrar áreyrar

fj Fjara

me melar

Tegundir plantna

Alls fundust 75 tegundir háplantna á svæðinu. Allar eru plönturnar algengar á þessu landsvæði og flestar á landsvísu. Könnun á skráðum plöntun í reit nr. 3741 (Náttúrufræðistofnun Íslands, Plöntuvefsjá) sýndi að í honum væru ekki neinar plöntur á valista og flestar plönturnar væru algengar í þessum landshluta. Listi yfir plöntur sem fundust við gróðurskoðun eru í töflu 2.

UMRÆÐUR

Rannsóknarsvæðið er að mestu þurrlendi. Meðfram fjörunni er mjó ræma af grasi vöxnu undirlendi en ofar taka við grös með lyngi eða fjalldrapamói. Sjárvarfitjar eru í botni fjarðarins. Að mestu eru þær á þurrum áreyrum en á milli eru blautir kýlar. Núverandi vegstæði liggur í hlíðinni og er nokkuð brött brekka ofan vegarins og að hluta til neðan hans líka.



Mynd 4. Votlendistjörn (V1) neðan núverandi vegar rétt við afleggjarann að Geirmundarstöðum.

Út undir afleggjarann að Geirmundarstöðum er tjörn (innan við 0,5 ha), sjá mynd 4, sem er innan við 100 m frá miðlínu núverandi vegar. Þessi tjörn er hluti af stærra votlendissvæði sem nær út á Selároddann. Vistgerðir á þessu svæði eru flestar algengar í þessum landshluta og einnig á landsvísu.

Tafla 2. Háplöntategundir sem fundust við gróðurskoðun í júní 2009 á rannsóknarsvæðinu. Nafngiftir eru samkvæmt Herði Kristinssyni (Hörður Kristinsson, 1986).

Íslenskt heiti**Latneskt heiti**

Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brióstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Eyrarrós	<i>Epilobium latifolium</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallavíðir/Grávíðir	<i>Salix arctica</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Fjöruarfi	<i>Honckenya peploides</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Hjartaarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>

Íslenskt heiti

Krækilyng
Lambagras
Lindadúnurt
Litunarjafni
Ljónslappi
Lyfjagras
Lækjardepla
Maríustakkur
Melablóm
Melasól
Móasef
Mýrafinningur
Mýrastör
Mýrfjóla
Njóli
Sauðamergur
Sjávarfitjungur
Skammkrækill
Skarifífill
Skríðlíngresi
Slíðrastör
Smjörgras
Snarrótarpuntur
Stinnastör
Sýkigras
Tágamura
Túnfífill
Túnsúra
Túnvingull
Vallarsveifgras
Vallelfting
Vallhæra
Vatnsliðagras
Vegarfi
Práðsef
Þursaskegg

Latneskt heiti

Empetrum nigrum
Silene acaulis
Epilobium alsinifolium
Diphasiastrum alpinum
Alchemilla alpina
Pinguicula vulgaris
Veronica serpyllifolia
Alchemilla vulgaris
Arabidopsis petraea
Papaver radicum
Juncus trifidus
Trichophorum caespitosum
Carex nigra
Viola palustris
Rumex longifolius
Loiseleuria procumbens
Puccinellia maritima
Sagina procumbens
Leontodon autumnalis
Agrostis stolonifera
Carex vaginata
Bartsia alpina
Deschampsia caespitosa
Carex bigelowii
Tofieldia pusilla
Potentilla anserina
Taraxacum spp.
Rumex acetosa
Festuca richardsonii
Poa pratensis
Equisetum pratense
Luzula multiflora
Alopecurus aequalis
Cerastium fontanum
Juncus filiformis
Kobresia myosuroides

HEIMILDIR

Hörður Kristinsson, (1986). *Plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Náttúrufræðistofnun Íslands, (1996). *Válisti 1 : Plöntur*. Reykjavík.

VEFSÍÐUR

Náttúrufræðistofnun Íslands, (1997). *Gróðurgreining*.
<http://www.ni.is/grodur/grodurkort/grodurlykill/>

Náttúrufræðistofnun Íslands, (2007). *Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands*:
<http://www.ni.is/>